

# Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Reynisholt

2018 – 2019



## Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

## Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

## Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla .....	3
Leiðarljós leikskólans:.....	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári -komið .....	4
2 Um innra mat í leikskólum - komið .....	5
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Bjartalundar um starfið á síðasta ári .....	7
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Geislalundar um starfið á síðasta ári .....	9
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Sunnulundar um starfið á síðasta ári.....	11
2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Stjörnulundar um starfið á síðasta ári .....	14
3 Ytra mat - Starfsmannakönnun .....	16
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári - Komið.....	17
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku. ....	19
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla- Komið .....	20
7 Foreldrasamvinna – Komið.....	20
8 Samstarf leik- og grunnskóla - Komið.....	21
9 Skipulagsdagar – komið nema dygðir.....	22
10 Fylgigögn.....	23
10.1 Matsgögn.....	23
10.2 Umsögn foreldraráðs.....	23
10.3 Samstarf leik- og grunnskóla áætlun .....	23

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

## Leiðarljós leikskólans:

Lífsleikninám með sérstaka áherslu á jóga með börnum, umhverfismennt, útikennslu og bernskulæsi.

### 1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Leikskólinn Reynisholt er staðsettur í fallegum trjálundi í næsta nágrenni við Reynisvatn. Hann var formlega opnaður 30. nóvember 2005. Reynislundur er útvistarsvæði við hlið leikskólans sem hannað var og unnið af foreldrum og starfsmönnum vorið 2010.

Leikskólinn vinnur með lífsleikni í leikskólastarfi með sérstakri áherslu á jóga með börnum, umhverfismennt, útikennslu og bernskulæsi. Leikskólinn flaggar Grænfánanum og hefur fjórum sinnum fengið Grænfánann, í fyrsta skiptið 2010. Öll börn hafa haft möguleikann á að fara í jóga einu sinni í viku. Leikskólinn er Sólblómaleikskóli og styrkir SOS barn á Indlandi.

Þennan vetur var áhersla lögð á að byggja upp liðsheild og góðan starfsanda með fyrirlestrum, námskeiðum og námsferðum. Einnig vildum við rýna í verkefni vetrarins með það að markmiði að næsta vetur færi fram endurskipulagning faglegs starfs og að skerpa á áherslupáttum leikskólans.

Eftir áramót var nokkuð um langtímaveikindi og hafði það sín áhrif á starfið og á starfsmannahópinn. Þá þurfti að grípa til þess að senda börn heim seinnipart dags vegna fáliðunnar en hvert barn fór um tvisvar sinnum heim eftir kl 14.00.

Skipulagsdagar hafa verið nýttir í fræðslu og endurmenntun starfsmanna. Farið var yfir áherslur leikskólans og starfsáætlun á fyrsta skipulagsdegi vetrar. Efni fyrirlestra fyrir starfsmenn voru Skyndihjálp og heilsuefling, tæknismiðjur og snjalltæki, jákvæðni og eldmóður og tækni og læsi auk þess sem unnið var að mótun menntastefnu. Á vordögum fór svo starfsmannahópurinn úr bænum. Farið var í heimsóknir á tvo leikskóla á Akranesi, Akrasel og Garðasel en starfsmenn völdu hvaða tvo leikskóla þeir vildu heimsækja. Starfsmenn tóku margar góðar hugmyndir með sér úr heimsóknunum. Eftir hádegið unnum við svo endurmat á starfi vetrarins og í lok dags heimsóttum við Deildartunguhver þar sem gott var að slaka á og njóta góðs matar. Voru allir sammála um að ferðin hafi þjappað hópnum enn betur saman og gefið starfsmönnum orku eftir strembinn vetur.

Börnum í elsta árganginum gefst kostur á að fara á knattspyrnuæfingu hjá knattspyrnufélaginu Fram í Sæmundarskóla einu sinni í viku klukkustund í senn. Þetta verkefni hefur verið í gangi síðustu sex árin og mjög vinsælt meðal barna og starfsmanna. Síðastliðin tvö ár hafa elstu börnin fengið aðstöðu í Fjósínu, frístundaheimili, yfir sumarmánuðina en mjög stór hópur elstu barna var nú í ár. Það er okkar mat að börnin njóta þess að skipta um umhverfi sem og þetta gefur þeim tækifæri til að kynna aðstæðum í frístundaheimilinu og umhverfi þess.

## 2 Um innra mat í leikskólum

Innra mat var unnið tvisvar yfir veturinn annars vegar í janúar og hins vegar í maí. Stuðst var við heimatilbúið form þar sem metið er hvernig þættir starfsáætlunarinnar hafa verið unnir og umbótaáætlun gerð (sjá fylgiskjal 10.1). Í matsáætlun var gert ráð fyrir að nota þætti úr Barnið í brennidepli en starfsmönnum hefur ekki þótt það form nýtast vel til að rýna í það sem verið er að vinna að hverju sinni. Veturinn 2018-2019 verður farið markvisst í að skoða og styrkja áherslur leikskólans og verður matsáætlun því endurskoðuð með tilliti til þess. Eftirfarandi þættir eiga við leikskólann í heild og eru því hér. Mikil samvinna var milli deilda og mörg verkefni unnin þvert á deildir. Því er oft mikill samhljómur milli umbótaþátta deildanna.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Endur- skoða skóla- námskrá og áherslur leikskólans	Að fækka verkefnum sem við erum að vinna að og draga áherslurnar leikskólans betur saman og hvernig við vinnum að þeim.	Búa til meiri kjarna fyrir okkur, færri þemu. T.d. Setja læsi sem yfirþema og undir það fara verkfærin sem eru Orðahljóð, Sögugrunnur, Unnur Uglya, Lubbi, leikkassar, Orðaspjall. Þá má ákveða hvaða verkfæri þú notar fyrir x langan tíma t.d. mánuð en ekki heila önn. Lestur bóka gegnumgangandi gegnum árið að sjálfsögðu. Reyna lesa vel í hópinn og nota verkfæri sem henta hverjum barnahópi í stað þess að vera með markmið um x sinnum í viku. Þá fer það að falla niður meira.	Verður unnið að þessu í gegnum skipulagsdaga skólaárið 2018-2019 Fyrsti skipulagsdagu r í september nýttur vel í að skoða þetta.	Stjórnendur bera ábyrgð. Allt starfsfólks leikskólans kemur að framkvæmd.	Samræður og svo deildarvinna á skipulagsdegi.	Endurmat á nýrri áætlun 2x á ári.
Gera viðburðad agatal fyrir árið svo allt sé sýnilegt	Búa til dagskrá fyrir mánuðinn, setja upp og gera hann sýnilegan fyrir starfsmenn. Svo sem að Jani á afmæli í september, foreldrakaffi er þarna, útskrift og svo framvegis. Allt mjög skýrt sett fram.	Stjórnendur setji upp hvern mánuð fyrir allan leikskólann. Svo getur hver deild sett inn í sínar ferðir og annað. Þá geta hver starfsmaður lesið út úr því.	Formið er búið til fyrir haustönn 2018	Stjórnendur	Samræður á skipulagsdegi og starfsmanna-fundi	Endurmat á nýrri áætlun 2x á ári.
Auka þemavinnu yfir húsið	Setja þemu fyrir annir eða nokkra mánuði sem húsið vinnur að.	Setjum markmið fyrir hvert þema t.d. að í náttúru myndum við hafa myndlist og	Þemu ákveðin fyrir haustönn á fyrsta	Stjórnendur en fá allt starfsfólk leikskólans	Metið í endurmati um áramót og á vorönn.	Skráð niður afrakstur þemavinnu í formi

		stærðfræði sem markmið og vinna þá markvisst að þeim þáttum. Þeir þættir tengjast þá námskránni eða skóla-námskránni. Læsi t.d. búa til bók og vinna markvisst með sögugrunninn.	skipulags-degi haustsins.	með í vinnuna		skráninga, s.s. listsköpunar, ljósmynda. Starfsmenn fylli inn í skráningarblöð eftir hvert þema hvað var gert og hvernig gekk.
<b>Endurskoða afmælis-daga</b>	Að endurskoða hvernig er unnið með afmælisdaga barnanna yfir húsið.	Starfsmenn þurfa ræða saman á fyrsta skipulagsdegi hvort við viljum halda núverandi skipulagi eða breyta t.d. skráningunni. Gera meira úr skráningunni um afmælisdaginn.	September	Stjórnendur.	Fylgjast með áhuga barnanna á þátttöku, vellíðan afmælisbarnsins.	Skráningar séu til útprentaðar fyrir öll börn leikskólans í lok árs.
<b>Starfsandi</b>	Skapa sameiginlega sýn á áherslur leikskólans	Á skipulagsdögum verður unnið að því að draga fram hvað það er sem við viljum að einkenni okkar leikskóla og hvaða verkefni eru mikilvæg	Hluti af skipulagsdögum yfir veturinn	Stjórnendur	Matslistar úr AGN og starfsmanna-könnun	Að samhljómur sé meðal stafsmanna um leikskólastarfið

## 2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Bjartalundar um starfið á síðasta ári

Á Bjartalundi veturinn 2018-2019 dvöldu 18 börn með fjórum starfsmönnum. Ekkert stöðugildi í stuðning þennan veturinn. Þrettán börn fædd 2015 og 5 börn fædd 2014. Eldri árgangurinn á deildinni var í samstarfi við börn í sama árgangi á Geislalundi. Samstarfið gekk mjög vel og voru starfsmenn ánægðir með árangurinn. Starfsmenn fengu tækifæri á að kynnst betur og börnin líka. Tvisvar í viku fóru börnin á Bjartalundi í heimsókn á Geislalund og einu sinni í viku komu börnin af Geislalundi í heimsókn á Bjartalund. Mannekla setti strik í reikninginn en alla jafna héldust þessar stundir. Aðal kostur árgangavinnunnar var samræmið sem myndaðist milli deilda. Barnahópurinn blandaðist betur og einnig starfsfólkið. Yngri árgangurinn á deildinni var ekki í samstarfi þar sem allur árgangurinn var á sömu deildinni. Þar sem að fimm börn úr 2014 árganginum fóru ekki yfir á Geislalund um haustið 2017, því sú deild rúmaði ekki allan árganginn, fannst okkur nauðsynlegt að nota seinnipartana og fara með þau fimm börn útaf deildinni í öðruvísu vinnu. Hvort sem það var að klippa og líma, spila spil, málörvunarleiki eða frjálsan leik. Leyfa þeim að fá tíma útaf fyrir sig. Börnin voru mjög hrifin af þessum stundum og hlökkuðu mikið til.

Starfsmenn deildarinnar tóku þátt í fræðslu á skipulagsdögum og starfsmannafundum auk þess sem tveir starfsmenn buðu upp á kynningu á skapandi leikskólastarfi í Reynisholti á vegum faghóps um skapandi leikskólustarf.

### Innra mat Bjartalundar

Vel gekk að uppfylla þau verkefni og markmið sem við höfðum sett okkur. Unnið var markvisst með Lubba og dyggðirnar okkar, hugrekki og hjálpsemi. Fyrir áramót var kyrrðarstundin nýtt í markvissan bókalestur. Síðan fengu börnin að leika sér í rólegum leik. Þrír starfsmenn fóru í hvíldina og einn starfsmaður með 4 börn frammi í bókalestri. Eftir áramót bættust þrjú börn við barnahópinn sem sefur ekki í hádeginu. Við það myndaðist óróleiki í hópnum og gekk bókalesturinn erfiðlega. Vorum við sammála um að breyta kyrrðarstundinni í rólega slökun þar sem allir leggjast á dýnu og hlusta á sögu eða starfsmann lesa. Gekk þessi nýja breyting mjög vel og meiri ró færðist aftur yfir kyrrðarstundina. Þrátt fyrir mannekleið hést starfið á deildinni og eiga starfsmenn mikið hrós skilið. Könnunarleikur datt upp fyrir eftir áramót og ekkert unnið með hann. Eldri árgangur fór í salinn einu sinni í viku í jógaund með Önnu Steinunni. Yngri hópur fékk að kynnst jóga inni á deild. Kristín sá um jóga á deildinni. Við vorum sammála um það að þurfi að skapa meira rými fyrir jóga inni á deild.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Lestur bóka	Auka orðaforða og yndislestur barnanna.	Með markvissum bókalestri í litlum hópi. Halda utan um það fyrir hverja er verið að lesa. Umræða um bækur og meðferð þeirra.	Skipta börnum í litla hópa eftir síðdegis- hressingu. Eða ef hentar ekki beint eftir síðdegis- hressingu.	Allir starfsmenn deildarinnar skiptast á að sjá um lesstundir.	Skoða skráningar á bókalestri og fylgjast með orðaforða- aukningu barnanna	Halda utan um skráningu til að sjá til þess að allir taki þátt í lesstund. Skrá bækur til að sjá stíganda í orðaforða.

<b>Hópa- starf</b>	Að börnin kynnist vinnu í hóp og fá tækifæri til listsköpunar, útiveru og leiks.	Skipulagður tími fyrir hópastarf. Ekki festa okkur í framleiðslu á verkum. Muna að njóta augnabliksins.	Hópastarf hefst í sept. og endar í apríl.	Hópstjórar yfir hópastarfshópu m bera ábyrgð á utanumhaldi.	Endurmat um áramót og þá farið yfir hvaða markmiðum hafa verið náð.	Skipulagðar gönguferðir, leikstundir, könnunarleikur verði fastur hluti af deildarstarfinu
<b>Tækni</b>	Nýta betur og kynna börnunum fyrir þeirri tækni sem til er á leikskólanum	Notum ljósaborðið, ípad, myndvarpann.	Alla önnina.	Fer eftir skipulagi hver er með hvaða hóp í hópastarfi, samverustund eða kyrrðarstund.	Meta um áramót hvernig áhugi barna er og endurskoða út frá því	Forvitni og áhugi barnanna eykst
<b>Jóga</b>	Auka vellíðan barnanna og ró. Börnin kynnist núvitund. Veita þeim rými og tíma til að slappa af. Nota jóguspil, bækur og netið	Jóga inná deildum. Starfsmenn þurfa að fá að kynnst jóga og taka þátt. Almennt starf þarf að vera litað af jóga.	Alla önnina.	Allir starfsmenn þurfa að fá að kynnst jóga. Einn starfsmaður á hverri deild tengiliður jógakennara.	Endurmat um áramót og áætlun hvernig þróa megi áfram eftir því sem börnin þroskast	Skilar sér til barnanna. Bætir líðan og róar þau. Skilar sér heim.
<b>Umhverfi smennt</b>	Að börnin verði meðvitaðri um umhverfið sitt, matarsóun og flokkun.	Þjóða börnunum með að tæma moltuna og pappann. Skapa umræðu við matarborðið um mat og matarsóun.	Starfið litað af umhverfis mennt.	Allir starfsmenn taki þátt.	Skoða skráningarblöð til að fylgjast með að allir fái tækifæri til þátttöku.	Skráningarblöð hverjir séu búnir að fara út með moltuna. Fylla út skráningablað mánaðarlega með umræðupunktum um moltugerð og endurvinnslu
<b>Útinám</b>	Að börnin kynnist nærumhverfi sínu í gegnum vettvangsferðir og ræða við börnin og sérstaklega starfsfólk markmið með ferðunum, er það til að komast frá A til B eða er ekki upplagt að stoppa, ræða saman og jafnvel segja sögu. Gera ferðalagið að markmiði	Þjóða börnum uppá skipulagðar gönguferðir og útikennslu.	Á hópastarfs tíma.	Allir starfsmenn taki þátt í ferðum og útinámi.	Skoða myndir og skráningar úr ferðunum.	Skráningar frá ferðum, taka mikið af myndum.



## 2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Geislalundar um starfið á síðasta ári

Á Geislalundi veturinn 2018 – 2019 dvöldu 18 börn með þremur starfsmönnum og einu stöðugildi í stuðning. Átta börn voru fædd 2013 og 10 börn fædd árið 2014. Báðir árgangar voru í samvinnu með öðrum börnum í húsi og átti Geislalundur samstarf við allar deildar hússins. Almenn ánægja var hjá starfsmönnum um samvinnuna. Starfsfólkið kynntist betur og fannst gaman að koma inn á aðrar deildar. Einnig kynntust þau börnunum betur og þau urðu öruggari í samskiptum við kennarana. Starfið var þó fyrir vikið mun skipulagðara og á köflum var erfitt að vinna eingöngu með deildina í heild.

Starfsmenn deildarinnar tóku þátt í fræðslu á skipulagsdögum og starfsmannafundum en auk þess fór deildarstjóri á morgunrabb á vegum Rannung, ráðstefnu Reykjavíkurborgar um lýðræði í leikskólalastarfi, málstofur nema í leikskólafræðum, trúnaðarmannanámskeið FL og aðalfund FL. Einn starfmaður deildarinnar fór á fagnámskeið I á vegum Eflingar.

### Innra mat Geislalundar

Ágætlega gekk að uppfylla þau verkefni og markmið sem við höfðum sett okkur. Unnið var markvisst með Lubba, orðahljóð og sögugrunninn. Markmið náðust í listgreinum en vísindi og tækni var ábótavant. Allir voru sammála um að vellíðan barnanna og andrúmsloft deildarinnar hefði tekist vel til. Unnið var með dygðir, sólbómabarnið Jani og jóga og snertingu en vinnan hefði þó mátt vera markvissari og meira sýnileg. Markmið náðist í bókalestri og læsi en það var mjög áberandi á deildinni og unnið var með Orðaspjall upp að vissu marki. Mannekla setti þó strik í reikninginn og erfiðlega gekk til dæmis að fara út í gönguferðir eða vera með markvissar stundir á deildinni. Starfsfólk var þó duglegt að nýta hverja stund sem gafst til að vinna með áherslurnar. Þær stundir sem liðu helst fyrir mannekluna voru samverustundirnar. Þær verða endurskoðaðar og lagaðar samkvæmt umbótaáætlun. Kyrrðarstundirnar flestar uppfylltu þau skilyrði að vera notalegar og afslappandi stundir en ekki nógu markvissar. Einnig verður bætt úr því í umbótaáætlun. Útiveran var okkur einnig hugleikin og oft fundum við fyrir neikvæðni hjá börnunum varðandi hana. Við viljum því gefa börnunum meira val um hvenær þau fara út og gera fleiri spennandi verkefni með þeim, svo sem að bjóða upp á lundinn, gönguferðir eða annað skemmtilegt. Að öðru leyti gekk vel að fylgja skipulagi í húsinu og var mikil samvinna þvert á deildar.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Samveru- stundir	Að gera hugmyndabanka til að auðvelda starfsmönnum stundirnar. Einnig að skipuleggja fastar stundir með markmiðum fyrir deildina.	Söfnum saman hugmyndum á handhægt form, t.d. plastað á hring eða í möppu. Setjum upp fastar samverustundir 2x á dag	Hefst í maí 2018 og ætti að vera lokið í septemb er 2018	Íris mun bera ábyrgð að hugmynda-bankanum ásamt Ingu Rut	Umræður á deildarfundi um framgang samverustund anna. Athugun gerð meðal barnanna um hvað sé skemmtilegast að gera í samveru.	Samverustund er amk 1x á dag. Samveran verður fjölbreyttari þar sem ægir saman söng, leikjum, sögum og fleira.

<b>Kyrrðar- stundir</b>	Gera þær markvissari og taka inn slökun og aukna snertingu, öndurnaræfingar og jógaæfingar.	Útbúa kyrrðarstundarkörfu þar sem eru spjöld með snertileikjum, penslar, boltar og annað sem gæti aukið skynjun og snertingu.	Haust 2018 og fram á vor	Inga Rut og Allý	Endurmat í janúar og maí. Umræður á deildarfundum og einnig spurningar til barnanna	Að hvert barn nái kyrrðarstund amk 1x í viku Að börnin sæki í körfuna og sýni þessu áhuga.
<b>Útinám</b>	Þjóða upp á fleiri gönguferðir, fleiri ferðir í lundinn og markvissari útiveru	Vera duglegri og jákvæðari að þjóða börnunum út og þá oftast í einhver verkefni. Gefa börnunum val um útiveru	Haust 2018 fram á vor	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Endurmeta í janúar og maí. Ræða saman á deildarfundum og spurningar til barnanna.	Að börnin verði jákvæðari gagnvart útiveru. Að fara í lundinn amk 1x í viku og gönguferðir tíðari, sérstaklega að hausti og vori.

## 2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Sunnulundar um starfið á síðasta ári

Á Sunnulundi veturinn 2017 – 2018 dvöldu 22 börn með fjórum starfsmönnum og einu stöðugildi fyrir stuðning. Fimmtán börn voru fædd 2012 og 7 börn fædd árið 2013. Báðir árgangar voru í samvinnu með öðrum börnum í húsi og átti Sunnulundur samstarf við Geislalund og Stjörnulund. Töluverð starfsmannavelta varð innan Sunnulundar á vorönn vegna veikindaleyfa starfsfólks en samvinna gekk þrátt fyrir það vel og almenn ánægja var hjá starfsmönnum með samvinnuna. Starfsfólkið kynntist betur, ræddi meira saman og miðlaði frekar hugmyndum og verkefnum á milli sín. Einnig kynntust starfsmennirnir börnum á öðrum deildum betur og börnin urðu þar af leiðandi öruggari í samskiptum við kennarana. Starfið var þó fyrir vikið mun skipulagðara og erfiðara reyndist að vinna með deildina sem heild.

Starfsmenn deildarinnar tóku þátt í fræðslu á skipulagsdögum og starfsmannafundum en auk þess fór einn starfsmaður á námskeið í verkefni um vináttu, Blær, annar starfsmaður á námskeið um tilfinningastjórnun og deildarstjóri fór á fyrirlestra á stóra leikskóladeginum og hélt fyrirlestur á morgunrabbi á vegum Rannung.

### Innra mat Sunnulundar

Ágætlega gekk að uppfylla þau verkefni og markmið sem við höfðum sett okkur. Veturinn byrjaði með miklum krafti og náðist að halda markmiðum fremur vel í tengslum við læsi framan af. Unnið var markvisst með Orðahljóð og Sögugrunninn með báðum árgöngum ásamt því að Unnur Ugla heimsótti heimili hvers barns tvisvar yfir veturinn og skipulagður lestur bóka að lámarki einu sinni á dag. Markmið náðumst í listgreinum og unnið var mest megnis með stærðfræði í kyrrðarstundum. Markviss vinna með vísindi og tækni var ábótavant. Unnið var með dygðir vetrarins sem voru hjálpssemi og hugrekki yfir veturinn. Skipulagðar jóga og snertistundir voru að meðaltali einu sinni í viku fyrir öll börn og sólblómabarnið Jani var rætt. Vinnan með Jani hefði þó mátt vera markvissari og meiri. Markmið í umhverfismennt náðust og eru börnin farin að flokka úrgang sjálf. Útinám var þó lítið og verður það skoðað í umbótaáætlun. Stíft skipulag í kringum árgangasamvinnu gerði okkur þó erfiðara að vinna með deildina sem heild, svo sem með áhugategd verkefni barnanna eða gönguferðir. Starfsfólk var þó sveigjanlegt og duglegt að nýta þær smugur sem áttu til að myndast. Ákveðnar stundir liðu fyrir starfsmannaveltu deildarinnar og voru það meðal annars samverustundir og gæðastundir í leik með börnunum. Það verður endurskoðað og lagað samkvæmt umbótaáætlun. Kyrrðarstundir voru fremur stífar og mótaðar í gegnum skipulagða vinnu og verða þær jafnframt endurskoðaðar og breytt samkvæmt umbótaáætlun. Að stuðla að vellíðan barna innan deildarinnar var okkur hugleikin í vetur. Lagt var upp með að skipta börnum vel á leiksvæði til að minnka hávaða og tókst það sæmilega. Töluverður kraftur starfsfólksins fór í tilfinningavinnu með ákveðnum hópi barna. Það er vinna sem löngun til að halda áfram með og vinna með barnahópinum í heild í stað hluta hans. Samstarf í húsi í tengslum við þemavinnu og hátíðisdaga hefur gengið vel og verður lagt til í umbótaáætlun að gera hana markvissari.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Læsi	Nýtum sögugrunn, orðahljóð og Lubba meira almennt í daglegu starfi sem ætti að vera gegnumgangandi í gegnum þemur eða samverustundir.	Setjum læsi og verkfæri sem nýtast undir því s.s. sögugrunn, orðahljóð og lubba sem áherslur undir þemavinnu.	Unnið markmið fyrir hvert þema yfir árið á skipulagsdögum eða um mánuði áður en þema hefst.	Stjórnendur, sem fá svo starfsfólk leikskólans með í hugmyndavinnu na.	Farið yfir gögn um áramót og metið hvernig gengur að ná markmiðum.	Skráð niður sögur sem börnin semja í gegnum sögugrunninn og verkefnablöð úr Orðahljóði nýtt til að fylgjast með magni stunda. Lubbastundir skráðar á skráningarblað.
Kyrrðarstu ndir	Viljum auka áherslu á jóga, snertingu, lestur og kyrrð og ró í stundum.	Búnar til körfur fyrir starfsfólk sem innihalda hugmyndir að snertistundum, jógastundum og rólegum stundum.	Vinna hefst í júní 2018 og er lokið í september 2018	IngaRut og Allý	Metið um áramót hvernig gangi að vinna með körfurnar.	Skráningarblöð fyrir hverja körfu þar sem starfsfólk hakar við þá leiki eða stundir sem eru notaðar og hvernig gekk að stjórna stundinni og fanga áhuga barnanna.
Barnasátt málinn	Tengja Barnasáttmálann betur vinnu með Jani.	Tengja og vinna Sólblómavikuna í september í tengslum við Jani við Barnasáttmálann.	Valinn ein til tvær greinar í Barnasátta málnum til að vinna með í sept.	Linda, Áróra og IngaRut til aðstoðar.	Metið á starfsdegi um mitt haust eða um áramót hvernig vinnan gekk.	Skráningarblað fyrir þemað þar sem starfsmenn skrá hvað var gert, hvað gekk vel og hvað hefði mátt ganga betur.
Vinna markvissar a með samskipti og tilfinningar tjórnun	Vinna með vinaverkefnið Blær inná tveimur elstu deildum leikskólans.	Setjum upp Blær stundir fyrir börn deildarinnar allavega einu sinni í viku til að byrja með. Starfsmenn nýta verkfærin og efnið úr verkfærakistu. Starfsfólk gætir þess að efnið sem unnið er með um tilfinningar, samskipti, samkennd, hugrekki sé tengt áherslum Reynisholts.	Hefst í september 2018	Áróra og Líska	Teymisfundir nýttir til að meta framgang verkefnisins. Deildarfundir yfir veturinn nýttir til að ræða og skrá niður framfarir barnanna.	Skilar sér til barnanna, sjáum færri ágreininga, meiri vilja og getu hjá börnunum til að leysa ágreining og vinna saman. Bætir líðan og ró þeirra. Skilar sér heim.  Uppeldisfræðilegar skráningar framkvæmdar að hausti og svo vori. Nýtt samhliða öðrum gögnum til að meta framfarir.
Samverust undir	Aukin vellíðan barna og hafa samverustundina markvissari	Skipta börnunum í tvo hópa til að minnka hávaða og áreiti. Búa til hugmynda-körfu að	Byrjun að hugmyndu m settar fram í júlí og unnið áfram í	Áróra	Samræður á deildarfundum um hvernig samverustundir ganga.	Haldið skráningarblað yfir hvað er gert í samverustundum, hver framkvæmir og hvernig gekk.

		<p>samverustundum sem innihalda leiki, söngva, bækur og annað skemmtilegt til að gera.</p>	<p>ágúst og september . Bætt við eftir þörfum.</p>			<p>Líka skoðað hvernig virkni barna er, þátttaka og vellíðan í stundinni.</p>
<p><b>Fleiri gæðastundir í leik</b></p>	<p>Halda stuttar skipulagðar leikstundir 2-4x í viku á morgnanna.</p>	<p>Einn starfsmaður er á mismunandi svæðum með lítinn hóp barna. Starfsmaður situr hjá börnum og tekur þátt í leik þeirra, leiðbeinir í samskiptum og styður við áhuga og athafnir þeirra.</p>	<p>Hefst í ágúst 2018</p>	<p>Linda sér um skipulagningu Starfsmenn sem eru með börnum í stundum eru Linda, Áróra, Íris og Kristín Rós.</p>	<p>Metið á deildarfundu m einu sinni í mánuði hvernig skipulag fangi og hvort framfarir séu.</p>	<p>Skilar sér til barnanna, sjáum færri ágreininga, meiri vilja og getu hjá börnunum til að leysa ágreining og vinna saman. Bætir líðan og ró þeirra. Skilar sér heim.</p>
<p><b>Útinám</b></p>	<p>Að börnin kynnist nærumhverfi sínu í gegnum vettvangsferðir og Reynislundinn.</p>	<p>Förum reglulega í ferðir og gönguferðir. Gætum að markmið ferðarinnar sé að upplifa, tókum tíma til að stoppa, ræða saman, safna einhverju sem nýtist í verkefni og annað sem hugurinn langar til. Kveikja eld í Reynislundi a.m.k. 1x fyrir áramót með öllum börnum.</p>	<p>Unnið að yfir allan veturinn á þeim tímum sem henta, t.d. hópastarfs tímum.</p>	<p>Starfsfólk deildarinnar.</p>	<p>Skoða myndir og skráningar úr ferðunum.</p>	<p>Skráningar frá ferðum, taka mikið af myndum.</p>

## 2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Stjörnulundar um starfið á síðasta ári

Á Stjörnulundi veturinn 2017 – 2018 dvöldu 25 börn með þremur starfsmönnum og tveimur stöðugildi fyrir stuðning. Nítján börn voru fædd 2012 og 6 börn fædd árið 2013. Báðir árgangar voru í samvinnu með öðrum börnum í húsi og átti Stjörnulundur samstarf við Geislalund og Sunnulund. Töluverð veikindi starfsmanna innan Sunnulundar en samvinna gekk þrátt fyrir það vel og almenn ánægja var hjá starfsmönnum með samvinnuna. Starfsfólkið kynntist betur, ræddi meira saman og miðlaði frekar hugmyndum og verkefnum á milli sín. Einnig kynntust starfsmennirnir börnum á öðrum deildum betur og börnin urðu þar af leiðandi öruggari í samskiptum við kennarana.

Starfsmenn deildarinnar tóku þátt í fræðslu á skipulagsdögum og starfsmannafundum en auk þess fór deildarstjóri á námskeið um vináttu, Blær, og námskeið um kvíða barna. Einnig fékk deildin leiðsögn frá þjónustumiðstöð varðandi vinnu með kvíða einstakra barna.

### Innra mat Stjörnulundar

Ágætlega gekk að uppfylla þau verkefni og markmið sem við höfðum sett okkur. Veturinn byrjaði með miklum krafti og náðist að halda markmiðum fremur vel í tengslum við læsi framan af. Unnið var markvisst með Orðahljóð og Sögugrunninn með báðum árgöngum ásamt því að Unnur Ugla heimsótti heimili hvers barns tvisvar yfir veturinn og skipulagður lestur bóka að lámarki einu sinni á dag. Markmið náðumst í listgreinum og unnið var mest megnis með stærðfræði í kyrrðarstundum. Markviss vinna með vísindi og tækni var ábótavant. Unnið var með dygðir vetrarins sem voru hjálpssemi og hugrekki yfir veturinn. Skipulagðar jóga og snertistundir voru að meðaltali einu sinni í viku fyrir öll börn og sólblómabarnið Jani var rætt. Vinnan með Jani hefði þó mátt vera markvissari og meiri. Markmið í umhverfismennt náðust og eru börnin farin að flokka úrgang sjálf. Útinám var þó lítið og verður það skoðað í umbótaáætlun. Stift skipulag í kringum árgangasamvinnu gerði okkur þó erfiðara að vinna með deildina sem heild, svo sem með áhugategd verkefni barnanna eða gönguferðir. Starfsfólk var þó sveigjanlegt og duglegt að nýta þær smugur sem áttu til að myndast. Það verður endurskoðað og lagað samkvæmt umbótaáætlun. Kyrrðarstundir voru fremur stífar og mótaðar í gegnum skipulagða vinnu og verða þær jafnframt endurskoðaðar og breytt samkvæmt umbótaáætlun. Að stuðla að vellíðan barna innan deildarinnar var okkur hugleikin í vetur. Lagt var upp með að skipta börnum vel á leiksvæði til að minnka hávaða og tókst það sæmilega. Mikið var unnið með kvíðastjórnun með ákveðnum hópi barna og stuðningi til foreldra. Það og vinna með tilfinningastjórnun er verkefni sem löngun er til að halda áfram með og vinna með barnahópin í heild í stað hluta hans. Samstarf í húsi í tengslum við þemavinnu og hátíðisdaga hefur gengið vel og verður lagt til í umbótaáætlun að gera hana markvissari

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Orðaspjall	Stefnt að meiri þátttöku hjá börnunum. Að dýpka málskilning og endursögn	Meiri umræða um bækurnar, fá börnin til að vera virkari í lestrinum. Börnin spá til um hvað gerist í sögunum og endursegja söguna. Fá markvissara	Unnið markvisst allan veturinn	Starfsfólk deildarinnar í sameiningu.	Skráning á verkefnum meðan það er unnið, samanburður á gögnum á meðan	Samanburður á fyrstu gögnum og loka gögnum

		hugarkort þar sem unnið er með innihald sögunnar, orð og boðskap, börnin myndskreyta út frá sögunni			verkefnið er unnið	
<b>Lubbi</b>	Að börnin nái tókum á hljóðum stafanna, þekki form þeirra. Þjálfist í að skrifa nafnið sitt. Reyni að draga til stafs í gegnum leik	Unnið með seinustu stafina í Lubba bókinni. Unnið meira með hljóðin í stað bókstafanna. Lögjin sýnilegri, ritmál sýnilegra. Efniviður á borð við límband, blöð og ritföng aðgengilegri og nýtt í hlutverkaleik	Unnið markvisst allan veturinn	Starfsfólk deildarinnar í sameiningu	Skráning með myndum, endurmat í janúar 2019	Þáttaka og reynsla starfsmanna yfir veturinn
<b>Vinna markvisst með samskipti og tilfinninga-stjórnun</b>	Vinna með vinaverkefnið Blær inná tveimur elstu deildum leikskólans.	Setjum upp Blær stundir fyrir börn deildarinnar allavega einu sinni í viku til að byrja með. Starfsmenn nýta verkfærin og efnið úr verkfærakistu. Starfsfólk gætir þess að efnið sem unnið er með um tilfinningar, samskipti, samkennd, hugrekki sé tengt áherslum Reynisholts.	Hefst í septemb er 2018	Áróra og Lísa	Teymisfundir nýttir til að meta framgang verkefnisins. Deildarfundir yfir veturinn nýttir til að ræða og skrá niður framfarir barnanna.	Skilar sér til barnanna, sjáum færri ágreininga, meiri vilja og getu hjá börnunum til að leysa ágreining og vinna saman. Bætir líðan og ró þeirra. Skilar sér heim. Uppeldisfræðilegar skráningar framkvæmdar að hausti og svo vori. Nýtt samhliða öðrum gögnum til að meta framfarir.
<b>Útinám</b>	Að börnin kynnist nærumhverfi sínu í gegnum vettvangsferðir og Reynislundinn.	Förum reglulega í ferðir og gönguferðir. Gætum að markmið ferðarinnar sé að upplifa, tókum tíma til að stoppa, ræða saman, safna einhverju sem nýtist í verkefni og annað sem hugurinn langar til. Kveikja eld í Reynislundi a.m.k. 1x fyrir áramót með öllum börnum.	Unnið að yfir allan veturinn á þeim tímum sem henta, t.d. hópastarfstímum.	Starfsfólk deildarinnar.	Skoða myndir og skráningar úr ferðunum.	Skráningar frá ferðum, taka mikið af myndum.
<b>Kyrrðar-stundir</b>	Viljum auka áherslu á jóga, snertingu, lestur og kyrrð og ró í stundum.	Búnaðar til körfur fyrir starfsfólk sem innihalda hugmyndir að snertistundum, jógastundum og rólegum stundum.	Vinna hefst í júní 2018 og er lokið í septemb er 2018	IngaRut og Allý	Metið um áramót hvernig gangi að vinna með körfurnar.	Skráningarblöð fyrir hverja körfu þar sem starfsfólk hakar við þá leiki eða stundir sem eru notaðar og hvernig gekk að stjórna stundinni og fanga áhuga barnanna.

### 3 Ytra mat - Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun fór fram í febrúar 2018 á vegum SFS. Helstu niðurstöður eru að þættir sem snéru að starfsöryggi, starfsmannastöðuleika, ímynd, sveigjanleika í starfi og vinnuálagi hækkuðu frá fyrri könnun, starfsánægja stóði í stað en aðrir þættir lækkuðu. Það sem bæta þarf er að fá skýrari stefnumótun og upplýsingaflæði, meiri fræðslu og endurgjöf og að huga betur að þáttum jafnræðis meðal starfsmanna. Þessar niðurstöður komu stjórnendum að hluta til á óvart. Varðandi stjórnun og upplýsingaflæði þá hafa stjórnendur mikið þurft að sinna starfi á deildum og því minni tími náðst að fara í stefnumótun og faglegan stuðning, einnig gekk illa að finna tíma fyrir stafsþróunarstamtöl og voru fimm starfsmenn sem ekki fengu formleg viðtöl, einungis óformlegt samtal. Varðandi fræðslu þá hafa fleiri stafs menn komist á námskeið sem þeir óskuðu eftir en oft áður og einnig hafa stjórnendur aukið lýðræðisleg vinnubrögð varðandi val á fræðslu. Róðurinn var þungur þennan vetur og reyndu stjórnendur að huga vel að starfsandanum með því að hlúa vel að starfsfólki t.d. með því að gera endurbætur á kaffistofunni, endurnýjun á útfatnaði og aðstöðu til að geyma útfatnað. Einnig var skemmtinefndin vel virk og áttum við margar góðar stundir utan vinnutíma. En betur þarf ef duga skal og í vetur viljum við huga vel að stefnumótun með þátttöku allra starfsmanna og að halda áfram að þjappa hópnum saman. Við höfum fulla trú á að viðsnúningur verði í ár því við eru stolt af okkar vinnustað og starfi okkar, viljum takast á við á krefjandi verkefni og fáum góðan stuðning frá samstarfsfólki okkar.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Stefnu- mótun	Að skapa sameignlega sýn og skerpa á áherslum leikskólans	Skipulagdagar nýttir til stefnumótunar með þátttöku allra starfsmanna	Allur veturinn	Stjórnendur	Hópavinna, samtal, samstarf og stuðningur	Niðurstöður úr viðhorfskönnun
Jafnræði og samvinna	Að efla lærdómssamfélag	Samvinna milli deilda, teymisfundir, jákvæð viðbrögð við hugmyndum starfsmanna	Allan veturinn	Stjórnendur	Teymisfundir, starfsmannaf., orðræðan einkennist af jákvæðu viðhorfi til breytinga	Starfsmenn sýni meira frumkvæði og niðurstöður viðhorfskönnunar
Starfsandi og starfsánægja	Að skapa jákvætt og styðjandi andrúmsloft	Stuðningur við starfsmenn, skemmtanir og verkefni við hæfi	Alla veturinn	Allir starfsmenn, sérstaklega reyndari	Teymisfundir, deildarfundir, starfsmannaf	Niðurstöður viðhorfskönnunar
Móttaka og fræðsla	Að efla móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn og styðja við fræðslu	Deildarstjórar nýta betur móttökuáætlun og þátttaka starfsmanna í vali á fræðslu	Haustönn	Stjórnendur	Yfirfara hvort móttökuáætlun hafi veri fylgt og fylla út símenntun	Öruggari starfsmenn og niðurstöður viðhorfskönnunar



#### 4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Í leikskólanum í Reynisholti hefur sérkennslan skipað stóran sess í starfinu síðasta vetur sem og áður. Fjögur börn voru þennan vetur með stuðning í 1. flokk þar af þrjú börn með dæmigerða einhverfu og með fullan stuðning 6-8 klst á dag og eitt barn með hryggjarrauf sem hefur fullan stuðning 8 klst á dag.

Þrjú börn voru með stuðning ú 2. flokk, tvö vegna hegðunarerfiðleika og nam sú fjárhæð 2 x 50% stöðu starfsmanns, annar er á bið á Greininga og ráðgjafastöð ríkisins vegna einhverfueinkenna en hinn á bið á þroska og hegðunarmiðstöðinni vegna mikilla ADHD einkenna. Sá þriðji fékk stuðning vegna slakrar athygli og fínhyfinga en sú upphæð nýttist til málörvunar, 1 klst á dag. Stuðningsaðilar voru samtals sex, tveir í 100% stöðu og tveir í 75% stöðu, tveir í 50% auk 25% hlutastöðu. Auk þess sem sérkennslustjóri greip inn í stuðning að hluta.

Almenn málörvun í minni hópum átti sér stað á deildum í smærri hópum, unnið var með Lubbavekefni auk almennrar grunnþátta eins og liti, stærðir, afstöðuhugtök ofl. Málörvunarhóparnir voru einu sinni til tvisvar í viku. Einnig var unnið á deildunum með „leikkassa“ verkfæri til málörvunar unnið úr þróunarverkefni okkar „Að lesa og leika list er góð“ en það ýtir sérstaklega undir aukinn orðaforða. Kassarnir innihalda heimilishluti og lagt áherslu á að börn hafi orð og þekkingu á hlutum úr sínu nánasta umhverfi. Leikkössunum er ætlað yngri börnum og börnum af erlendum uppruna sem eru að byggja upp orðaforða. Áætlun síðasta árs var að vinna leikkassana inná hverri deild með starfsmann og í litlum hóp einu sinni í viku.

Sérkennslustjóri gerði EFI 2 málþroskaskimun á öllum börnum á fjórða aldursári og var 2 börnum vísað áfram í málþroskamat. Einnig voru myndaðir málörvunahópar þeim til stuðnings. Sérkennslustjóri gerði Hljóm-2 skimun á elstu börnum leikskólans og unnið með málörvunahópa í vetur fyrir þá sem voru með slaka þætti. Þau börn fóru svo aftur í Hljóm-2 skimun um vorið.

Einstaklingsnámskrár voru gerðar með stuðningsbörnum, börnin með dæmigerða einhverfu voru bæði með námskrá tengt atferlisþjálfun en einnig var gert ABES þroskamat og einstaklingsáætlun út frá því mati. Önnur stuðningsbörn fengu einstaklingsáætlun eftir ABES þroskamati. Einstaklingsáætlanir voru gerðar af sérkennslustjóra og stuðningsaðila auk þess sem rætt var við foreldra á fundum og fengnar upplýsingar um þeirra væntingar og áhersluþætti.

Haldnir eru teymisfundir að jafnaði á 6 vikna fresti en á þeim fundum mæta foreldrar, stuðningsaðili, sérkennslustjóri og ráðgjafar/sérfræðingar en þá er farið yfir stöðuna og gert áætlun um framhald auk ráðgjafar og eftirfylgd.

Samstarf við þjónustumiðstöð hefur verið mjög gott eins og áður, ávallt brugðist við og veitt ráðgjöf. Við fengum Jóhönnu hegðunarráðgjafa frá þjónustumiðstöðinni á starfsdegi með fyrirlestur og ráðgjöf varðandi erfiða hegðun. Einnig hafa ráðgjafar frá Greininga og ráðgjafastöð ríkisins komið til okkar og gerð mat á stuðningsþörf barna, veitt einstaklingsþjálfun vegna 2ja barna með einhverfu og veitt eftir eftirfylgd með stuðningbörnum í vetur.

Starfsmenn í sérkennslu tóku þátt í fræðslu á skipulagsdögum og starfsmannafundum en auk þess fóru tveir starfsmenn á námskeið í CAT, einn starfsmaður fór á vorráðstefnu GRR og sérkennslustjóri hitti aðra sérkennslustjóra á þjónustumiðstöð þar sem rætt var um hlutverk sérkennslustjóra og barnavernd.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Fræðsla	Að allir starfsmenn þekki til þarfa barna með sérþarfir	Fræðsla á skipulagsdögum og umræða á deildarfundum	Fræðsla að hausti og umræður yfir veturinn	Sérkennslustjóri og deildarstjóri	Umræða við endurmat í janúar og maí	Aukin vísýni og þekking starfsmanna á þörfum barna
Stuðningur til foreldra	Að foreldrar geti leitað eftir stuðningi	Sérkennslustjóri kynni sig fyrir foreldrum og hvetur þá til að leita eftir ráðgjöf	Kynnt á fundi með nýjum foreldrum, foreldrafundi að hausti og með tölvupósti yfir veturinn	Sérkennslustjóri	Samantekt á ráðgjöf	Umsagnir foreldra í viðtölum eða könnunum
Teymisfundir	Að starfsmenn sérkennslu geti leitað stuðnings hvert af öðru	Fundir á skipulagsdögum	Tvisvar yfir vetur og svo eftir þörfum	Sérkennslustjóri	Skráningar á efni funda	Starfsmann öruggari í sínu hlutverki

## 5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Pennan vetur voru átta tvítýngd börn í Reynisholti þar af voru fimm börn sem áttu báða foreldra með annað tungumál en íslensku. Sérkennslustjóri hafði umsjón með málörvunarhópum og að styðja starfsmenn deilda við eflingu tungumálsins. Fjármagn var nýtt til að bæta við bókakost, spil, öpp og hluti í leikkassana.

Unnið var með móðurmál tvítýngdra barnanna í gegnum lestur bóka og í gegnum leik. Unnur ugla er taska sem fer heim til allra barna en hún inniheldur bækur á mörgum tungumálum og hvetjum við foreldra til að lesa og ræða um innihald bókana sem og þau tungumál sem þar koma fyrir. Við höfum reynt að bæta reglulega við bækur á erlendum tungumálum og eigum við nokkuð góðan bókakost. Einnig fáum við bókakistur að láni frá Borgarbókasafni og biðjum um að þar sé einnig að finna bækur á fleiri tungumálum en íslensku. Í vetur var áfram unnið með leikkassa sem innihalda efnivið sem tengist orðaforða heimila. Okkar reynsla hefur sýnt að auka þurfi orðaforða barnanna á orðum er tengjast heimilum. Orð eru lögð inn í leikinn, rætt er um innihald og skráningar gerðar til að fylgjast með framförum í orðaforða. Sögugrunnur og orðahljóð eru einnig notuð fyrir tvo eldri árgangana og sérstaklega gætt að því að tvítýngdu börnunum í þeim stundum. Á degi barnabókarinnar koma börnin með bók að heiman og börn af erlendum uppruna koma með bók á sínu móðurmáli. Börnin lesa bókina fyrst heima og segja svo frá bókinni og hvers vegna þau völdu hana.

Umræða er á starfsmannafundum og deildarfundum varðandi eflingu orðaforða t.d. í gegnum Lubba, orðaspjall og söngva. Á sameiginlegum skipulagsdegi hverfisins völdu nokkrir starfsmenn að hlíða á fyrirlestur um fjöltyngi og einnig fengu allir nýjir starfsmenn fræðslu um eflingu læsis, þar á meðal fyrir tvítýngd börn frá MML.

Í upphafi leikskólagöngu fá allir foreldrar senda bæklinga með upplýsingum um mikilvægi læsis og eflingu móðurmálsins. Foreldrum er boðið að fá túlk t.d. í viðtali, aðlögun eða á fundum. Kennarar og stjórnendur eru meðvitaðir um að gæta þess að foreldrar sem ekki eru sterkir í íslensku fái þær upplýsingar sem þeir þurfa. t.d. með því að senda hluta af tölvupóstum þýddan í google translate eða á ensku ef það á við. Leikskólinn er í samvinnu við Fram og er þess gætt að upplýsingar komist til skila. Í haust er fyrirbyggjandi að hafa aukafund fyrir foreldra tvítýngdra barna. Er hann hugsaður til að gefa þeim foreldrum rödd inn í leikskólann og fá hugmyndir um hvernig við getum komið til móts við þarfir þeirra.

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl - Formleg starfsþróunarsamtöl eru tekin einu sinni á ári og hefjast oftast um miðjan febrúar og lýkur þeim í lok mars. Leikskólastjóri tekur þessi viðtöl en í ár tók leikskólastjóri starfsþróunarviðtölin í febrúar - apríl. Ekki náðist að klára fimm starfsþróunarviðtölin þar sem mikil langtímaveikindi voru og erfiðlega gekk að ráða afleysingu, en þeir starfsmenn fengu óformleg viðtöl á vordögum. Eyðublöð voru afhend starfsmönnum viku áður en viðtalið var tekið. Viðtalið hefst á því að farið er yfir það sem rætt var um árinu áður, hvað hefur gengið vel og hvað má bæta. Önnur viðtöl eru tekin eftir aðstæðum í umhverfi leikskólans.

Símenntun - Símenntun fór fram í formi fyrirlestra og námskeiða á skipulagsdögum. Starfsmenn fóru yfir áherslur leikskólans í september og skipulögðu vetrarstarfið út frá starfsáætlun. Í október var námskeið í skyndihálp fyrir hádegi og eftir hádegi fyrirlestur um heilsueflingu. Í nóvember var sameiginlegur starfsdagur allra skóla í hverfinu fyrir hádegi og gátu starfsmenn valið sér námskeið sem allar tengdust læsi á einhvern hátt. Eftir hádegi var undirbúningur fyrir opið hús og starfsmenn sem áttu uppsafnaðan undirbúningstíma fengu hann. Tveir hálfir skipulagsdagar voru í janúar og febrúar. Í janúar voru verkefni vorannar skipulögð og í febrúar fengum við fyrirlestur með Geislabaugi um jákvæðni og eldmód. Í mars var starfsmannafundur og fræðsla fyrir hádegi. Þóra Sæunn var með fræðslu fyrir nýrra starfsfólk, Sólveig var með kynningu og yfirferð á málörvunarefni sem til er í skólanum og starfsmenn sérkennslu fengu kynningu á Cat. Eftir hádegi var tæknismiða á vegum Mixtúru og voru starfsmenn mjög ánægðir með daginn. Á vordögum fór svo starfsmannahópurinn úr bænum. Farið var í heimsóknir á tvo leikskóla á Akranesi, Akrasel og Garðasel en starfsmenn völdu hvaða tvo leikskóla þeir vildu heimsækja. Starfsmenn tóku margar góðar hugmyndir með sér úr heimsóknunum. Eftir hádegið unnum við svo endurmat á starfi vetrarins og í lok dags heimsóttum við Deildartunguhver þar sem gott var að slaka á og njóta góðs matar. Voru allir sammála um að ferðin hafi þjappað hópnum enn betur saman og gefið starfsmönnum orku eftir strembinn vetur.

Stjórnendur fóru á kynningu um nýja Völu og á fundu um heilsueflandi samfélag. Leikskólastjóri tók þátt í námskeiðsdegi leikskólastjóra og fór á ráðstefnu og aðalfund samtaka áhugafólks um skólaþróun en leikskólastjóri tekur þátt í stjórnarstörfum þess félags. Einnig fór leikskólastjóri á fund með barnavernd og á námskeið um markviss og uppbyggilega endurgjöf.

Deildastjórar sjá um að fylla út símenntunarblað fyrir starfsmenn deildanna. Á árinu 2017 – 2018 fór fræðsla fram á skipulagsdögum ásamt því að margir sóttu utanaðkomandi námskeið. Mikil áhersla er lögð á það að sú fræðsla sem tekin er fyrir tengist starfinu og þeim áherslum sem eru í gangi í leikskólanum. Næsta vetur munum við halda áfram á þeirri braut að miða dagskrá skipulagsdaga við áherslur leikskólans og skólanámskrána og hvetja starfsfólk til að koma með ábendingar um hvaða námskeið þeir óski eftir.

## 7 Foreldrasamvinna

Í leikskólanum starfar foreldraráð og foreldrafélag með sex fulltrúum foreldra. Kosið er í foreldraráð og foreldrafélag á foreldrafundi að hausti. Aðilar skipta með sér verkum, tveir formenn, bæði foreldraráðs og foreldrafélags, gjaldkeri og ritari. Á haustfundi fá foreldrar einnig kynningu á starfsemi deildarinnar. Í foreldraráði eru þrír foreldrar. Formaður foreldraráðs sér um að halda utan um umsagnir vegna starfsáætlunar, námskrá, handbók og fleira sem allir aðilar í foreldraráði lesa yfir. Í foreldrafélagi eru

þrír foreldrar. Foreldrafélag sér um skipulagningu sveitaferðar, jólaföndurs sem og að hvetja foreldra til þátttöku í vinnukvöldi í Reynislundi. Foreldrafélagið hefur einig haldið utan um að sækja um styrki fyrir viðhaldinu. Félag og ráð hafa fundað saman. Fyrsti fundur er eftir kosningu nýrra foreldra og kallað til fundar yfir veturinn þegar þurfa þykir. Samskipti fara að miklu leiti fram á Facebook síðu foreldrafélags/ráðs.

Nýir foreldrar eru boðaðir á kynningarfund að vori. Þar fer leikskólastjóri yfir áherslur í leikskólastarfi og deildarstjórar hitta foreldra á sinni deild. Foreldrar fylla út dvalarsamning og önnur skjöl með deildarstjóra. Foreldrum er boðið að fá viðtal kjósi þeir það. Að hausti er aðalfundur foreldrafélags þar sem reikningar eru lagðir fram til samþykktar og kosið í lausar stöður. Í kjölfarið eru deildarstjórar með kynningu á vetrarstarfinu. Foreldraviðtöl eru í október og á skipulagsdegi í mars. Foreldrum er boðið upp á tülkaþjónustu bæði á fundum og í viðtölum.

## 8 Samstarf leik- og grunnskóla

Sæmundarskóli er hverfisskóli Reynisholts og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans. Elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir yfir veturinn og kynnast umhverfi og starfsfólki skólans sem og að hitta gamla vini. Einnig hafa börn úr Sæmundarskóla heimsótt Reynisholt á Degi íslenskrar tungu, þar sem börn úr 7. bekk koma og lesa fyrir börn leikskólans. Þá hafa börn í 1. bekk heimsótt sinn gamla leikskóla einu sinni að vetri. Auk þess gátu börn úr unglingsdeild í Sæmundarskóla valið að verja einni klukkustund á viku til að vera með börnunum í leik og starfi en það er hluti af lífsleikninámi barnanna í Sæmundarskóla.

Leiðarljós í samstarf milli skólanna er að samfella myndist á milli skólastiga og að gagnkvæmur skilningur á námi barna yrði meðal kennara. Fastir ábyrgðaraðilar halda utan um samstarfið, Sólveig aðstoðarleikskólastjóri á Reynisholti og Kristjana í Sæmundarskóla sem er með fasta umsjónartíma fyrir þetta verkefni. Vikulegar heimsóknir voru í skólann meðal barna úr hverfisleikskólunum frá október út nóvember og janúar út apríl þar sem unnin voru verkefni sem kennarar beggja skóla skipuleggja. Undirbúningsfundur er að hausti þar sem farið er yfir dagskrá vetrarins og að vori er endurmatsfundur þar sem næstu skref eru ákveðin.

Undanfarin tvö ár hafa allir skólar og frístundaheimili í Grafarholti og Úlfarsárdal unnið að þróunarverkefni um læsi. Því verkefni var ætlað að efla samræðu og skilning á starfsháttum og námi barna. Í vetur hafa stjórnendur haldið áfram að vinna að samstarfsáætlun leik- og grunnskóla um mál og læsi ásamt því sem haldinn var sameiginlegur skipulagsdagur allra skólanna. Þar gátu starfsmenn gátu valið sér námskeið og fyrirlestra þvert á skóla og skólastig.

Síðastliðin tvö sumur hefur leikskólinn fengið hluta af Fjósínu, sem er rými frístundaheimilisins, til afnota fyrir sumarstarf elstu barna. Það hefur gengið mjög vel og verður það starf þróað áfram. Einnig höfum við fengið afnot af sal Sæmundarskóla fyrir útskrift elstu barna og þykir okkur það mynda góð tengsl við grunnskólann bæði fyrir okkur, foreldra og börn.

Áætlun síðastliðins vetrar má sjá í fylgiskjali 10.3

## 9 Skipulagsdagar

Skipulagsdagarnir verða sjö, (fimm heilir og tveir hálfir) og hafa skólarnir í hverfinu sameinast um fjóra þeirra.

Sólblómavika verður 3. – 7. september en þá viku verður dagskrá tengd henni Jani Kumari sem verður átta ára 12. september.

Fyrsti skipulagsdagur vetrarins verður 21. september þar verður farið í endurskoðun á áherslum og verkefnum leikskólans. Deildir munu vinna áætlun út frá starfsáætlun og kosið í teymi.

Foreldrafundur og aðalfundur foreldrafélags verður 25. september og fundur með nýju foreldrafélagi þann 27. september.

Fjölskylduþema verður í byrjun október. Þá verður boðið í foreldramorgunkaffi.

Á skipulagsdegi 22. október er fyrirhugað að halda áfram í endurskoðun á áherslum skólans.

Jóga- og slökunarvika verður í byrjun nóvember og þá verður sérstakt morgunkaffi fyrir afa, ömmu eða annan gest. Þessar vikur verður virk umræða meðal barnanna um að ekki eigi allir ömmu og afa og þess vegna eru aðrir gestir velkomnir.

Sameiginlegur hálfur skipulagsdagur skólanna í hverfinu verður 16. október eftir hádegi. Um kvöldið munum við ljúka þróunarverkefninu Já það er gott að lesa og halda sameiginlega hátíð.

Leikskólinn fagnar 13 ára afmæli 30. nóvember og þann dag verður afmælishátíð barna, starfsmanna og foreldra ásamt því sem foreldrum er boðið að sjá það sem börnin hafa verið að vinna við um veturinn.

Hálfur skipulagsdagur verður 14. janúar en hann verður nýttur til að endurmeta verkefni haustannar og skipuleggja starfið á vorönn.

Á skipulagsdegi 22. febrúar verður fengin utanaðkomandi fræðsla og munum við fá hugmyndir frá starfsmönnum hvaða fræðsla það verður.

Vinavika barna og starfsmanna verður 28. janúar – 1. febrúar og ætlum við að leggja sérstaka áherslu á dygðina okkar kurteisi og glaðværð meðal barna og starfsmanna. Þrjá síðustu dagana ætla starfsmenn að gleðja hvert annað með einhverjum skemmtilegum uppákomum. Við ætlum að hefja vinavikuna á því að sameinast öll í hring í garðinum og syngja skólasönginn okkar og eitt vinalag.

Þann 25. mars verður skipulagsdagur helgaður foreldraviðtölum, þeir starfsmenn sem ekki taka foreldraviðtöl vinna að öðrum verkefnum tengdum áherslum leikskólans.

Þann 2. apríl höldum við upp á dag barnabókarinnar. Þá vikuna koma börnin með bók að heiman og börn af erlendum uppruna koma með bók á sínu móðurmáli. Börnin segja frá sinni bók og stefnum við að því að fá foreldra í samvinnu með okkur þessa daga.

Opið hús verður tvisvar yfir veturinn 30. nóvember og 30. apríl.

Á skipulagsdegi 10. maí verður endurmat á verkefnum vetrarins og vinna vegna starfsáætlunar.

Útistarfið setur svip sinn á sumarið og munu elstu börnin nýta aðstöðuna í frístundaheimilinu Fjósinu yfir sumarið þaðan sem þau fara í skipulagðar ferðir.

Ákveðnar hefðir hafa skapast í kringum leikskólastarfið, sumarhátíð, Fiskidagurinn mikli, þorrablót, þema um gamla tímann og vinnukvöld í Reynislundi. Jólamánuðurinn, útskrift elstu barnanna og útskriftarferð verður með hefðbundnu sniði.

Áfram verða æfingar einu sinni í viku með knattspyrnufélaginu Fram og verður deildastjóri elstu barnanna ábyrgur.

Leiðarljós í stefnu skóla- og frístundasviðs er að börnum og ungmönnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Undir það tekur starfsmannahópurinn í Reynisholti.

## **10 Fylgigögn**

### 10.1 Matsgögn

### 10.2 Umsögn foreldraráðs

### 10.3 Samstarf leik- og grunnskóla áætlun

F. h. leikskólans Reynisholts

Aðalheiður Stefánsdóttir  
Leikskólastjóri

20. ágúst 2018  
Dagsetning

# Endurmat á starfsáætlun Sunnulundar fyrir vorönn 2018

Málproski, lestrarfærni og lesskilningur

Orðahljóð

Sögugrunnur

Lubbi

Leikkassar

Ritmál í leik

Orðaspjall

Unnur Uglya

Bókaormur / bókakista

Lestur bóka (orðaspjall, vinna með bæku

Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi

Lífsleikni og jafnrétti

Sólblómaleikskóli – Jani

Dygðir :*hugrekki og hjálpsemi*

Barnasáttmálinn

Fjölmennig – börn og foreldrar

Jóga

Birta

Vellíðan barna

Hverju ráða börnin? Hvernig hlustum við

Foreldrasamvinna

Verk, , tækni og listnám

Vísindi og stærðfræði

Tækni (Ipad, tölvur, myndavélar)

Listgreinar

Umhverfismennt

Minnka orkunotkun

Minnka matarsóun

Flokka og molta

Útinám

Reynislundur og nærumhverfi

Vistvænir ferðamátar

Merkisviðburðir – Annað

Sólblómavika Jani

Fjölskylduþema 25. september – 6. október

Jóga og slökunarvika nóvember (Ömmu og

Afmæli Reynisholts 30. nóvember

Vinavika 29 janúar – 2. febrúar

2. apríl dagur barnabókarinnar

Þorrablót og gamli tíminn.



# Endurmat á starfsáætlun Sunnulundar fyrir vorönn 2018

Annað

Gæði og fagmennska

Teymisvinna

Símenntun

Samvinna milli deilda (hópastarf, útivera

Læra hvert af öðru

# Endurmat á starfsáætlun Sunnulundar fyrir vorönn 2018

Markmið - Hvernig var unnið með

1 2 3

r)

Markmið - Hvernig var unnið með

1 2 3

á þau?

Markmið - Hvernig var unnið með

1 2 3

Markmið - Hvernig var unnið með

1 2 3

Markmið - Hvernig var unnið með

1 2 3

er  
og afa kaffi).

Afmælis dagar barnanna

# Endurmat á starfsáætlun Sunnulundar fyrir vorönn 2018

Samvinnan í húsi veturinn 2017-2018

Þemavinna á vorönn

Aðrir þættir sem okkur finnst

Markmið - Hvernig var unnið með

1 2 3

osfrv).

deild:

**Endurmat á starfsáætlun**

Dags:

**Málproski, lestrarfærni og lesskilningur**

	Markmið - Hvernig var unnið með	1	2	3
Orðahljóð				
Sögugrunnur				
Lubbi				
Leikkassar				
Ritmál í leik				
Orðaspjall				
Unnur Uglya				
Bókaormur / bókakista				
Lestur bóka				

**Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi**

	Markmið - Hvernig var unnið með	1	2	3
Lífsleikni og jafnrétti				
Sólblómaleikskóli – Jani				
Dygðir : <i>hugrekki og hjálpsæmi</i>				
Barnasáttmálinn				
Fjölmennning – börn og foreldrar				
Jóga				
Birta				
Velliðan barna				
Hverju ráða börnin? Hvernig				
Foreldrasamvinna				

**Verk, , tækni og listnám**

	Markmið - Hvernig var unnið með	1	2	3
Vísindi og stærðfræði				
Tækni (Ipad, tölvur, myndavélar)				
Listgreinar				

**Umhverfismennt**

	Markmið - Hvernig var unnið með	1	2	3
Minnka orkunotkun				
Minnka matarsóun				
Flokka og molta				
Útinám				
Reynislundur og nærumhverfi				
Vistvænir ferðamátar				

**Merkisviðburðir – Annað**

	Markmið - Hvernig var unnið með	1	2	3
Sólblómavika Jani				
Fjölskylduþema				
Jóga og slökunarvika				
Afmæli Reynisholts				
Vinavika				
dagur barnabókarinnar				
Þorrablót og gamli tíminn.				

**Gæði og fagmennska**

	Markmið - Hvernig var unnið með	1	2	3
Teymisvinna				
Símenntun				
Samvinna milli deilda				
Læra hvert af öðru				

# Dagskrá fyrir forskóla skólaárið 2017-2018

Tengiliðir:

Kristjana frá Sæmundarskóla.  
Auður frá Geislabaug  
Valgerður Ósk frá Geislabaug  
Þóra Dögg frá Geislabaug  
Sólveig Harpa frá Reynisholti  
Elísabet (Lísa) frá Reynisholti  
Þórey Björg frá Reynisholti

[kristjana.palsdottir@reykjavik.is](mailto:kristjana.palsdottir@reykjavik.is)  
[audur.hannesdottir@reykjavik.is](mailto:audur.hannesdottir@reykjavik.is)  
[valgerdur.osk.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:valgerdur.osk.gudmundsdottir@reykjavik.is)  
[thora.dogg.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:thora.dogg.gudmundsdottir@reykjavik.is)  
[solveig.harpa.ornolfsdottir@reykjavik.is](mailto:solveig.harpa.ornolfsdottir@reykjavik.is)  
[elisabet.armannsdottir@reykjavik.is](mailto:elisabet.armannsdottir@reykjavik.is)  
[thorey.bjorg.gunnarsdottir@reykjavik.is](mailto:thorey.bjorg.gunnarsdottir@reykjavik.is)

## Símanúmer

Sæmundarskóli 411-7848  
Reynisholt 517-5560  
Geislabaugur 411-3865

## Fjöldi barna:

35 frá Reynisholti  
26 frá Geislabaug  
1 utan hverfis

## Fjórir hópar:

Hópur 1: Reynisholt + Eldey Mirra  
Hópur 2: Reynisholt  
Hópur 3: Geislabaugur  
Hópur 4: Geislabaugur

Eldey Mirra leikskólinn Dalskóli – Móðir Inga Rut Ingadóttir [ingaruti@gmail.com](mailto:ingaruti@gmail.com)

Tími:

Miðvikudagar frá klukkan 10:00-11:00 Leikskólabörn geta verið mætt fyrir á skólalóðina og verið í frímínútum með yngsta stiginu. Frímínútur eru frá 9:35-10:00. Börnin koma svo inn í fatahengi yngsta stigs og eiga þar merka snaga. Kennslan fer fram á svæði 2. bekkjar. **ATH. dagssetningar með rauðu gætu breyst.**

6. september – áætlun undirbúin

13. september- áætlun undirbúin

20. september – fundur í skóla með öllum sem koma að verkefninu

27. september – Hópur 1 og 2 – ganga um skóla með skólustjórnendum – enda á rými 2. Bekkjar (muna eftir að ganga í gegnum íþróttahús)

4. október – Hópur 3 og 4 – ganga um skóla með skólustjórnendum – enda á rými 2.bekkjar. (muna eftir að ganga í gegnum íþróttahús)

10. október - **1. Bekkur í Sæmundarskóla** heimsækir leikskólana sína. Leikskólar skipuleggja og muna eftir ;). Kennarar í 1. bekk eru Daggrós Stefánsdóttir og Halla Karlsdóttir – netföng á heimasíðu skólans.

11. október – Kristjana er í námsferð í Svíþjóð að kynna sér kennslu tvítyngdra barna – Tíminn fellur niður.

**18. október – Foreldradagur í Sæmundarskóla – tíminn fellur niður**

25. október – Hópur 1 umræður og nafnspjald, undirbúið í word

1. nóvember – Hópur 2 umræður og nafnspjald, undirbúið í word

8. nóvember – Hópur 3 umræður og nafnspjald, undirbúið í word

15. nóvember – Hópur 4 umræður og nafnspjald, undirbúið í word

16. nóvember - 7. Bekkur í Sæmundarskóla heimsækir leikskólann Reynisholt og les fyrir börnin.

Umsjónarkennarar í 7. bekk eru Sirrý Hrönn Haraldsdóttir og Bertha Karlsdóttir – netföng þeirra eru á heimasíðu skólans.

22. nóvember- **Hópur 1** Skólabarnið

29. nóvember – **Hópur 2** Skólabarnið

6. desember – **Hópur 3** Skólabarnið

13. desember – **Hópur 4** Skólabarnið

20. desember – Jólafrí

?? desember Helgileikur – nánari upplýsingar síðar

2018

3. janúar – **Hópur 1** Skólataskan

10. janúar – **Hópur 2** skólataskan

17. janúar – **Hópur 3** Skólataskan

24. janúar - **Hópur 4** Skólataskan

31. janúar – **Hópur 1** nestisbox og brúsi

7. febrúar – **Hópur 2** nestisbox og brúsi

14. febrúar – Öskudagur – tími fellur niður

21. febrúar **Hópur 3** nestisbox og brúsi

28. febrúar – **Hópur 4** nestisbox og brúsi

7. mars – **Hópur 1** Samvinnuverkefni – allir saman gera eina stóra manneskju.

14. mars – **Hópur 2** Samvinnuverkefni – allir saman gera eina stóra manneskju.

21. mars – **Hópur 3** Samvinnuverkefni – allir saman gera eina stóra manneskju.

28. mars - Páskafrí

5. apríl – **Hópur 4** Samvinnuverkefni – allir saman gera eina stóra manneskju.

- 4. apríl – **Hópur 1** listgreinar og borða í hádeginu.
- 11. apríl – **Hópur 2** listgreinar og borða í hádeginu.
- 18. apríl – **Hópur 3** listgreinar og borða í hádeginu.
- 25. apríl – **Hópur 4** listgreinar og borða í hádeginu.

- 7. maí -**Hópur 1 og 2** – íþróttahús + bókasafn + viðurkenning
- 16. maí - **Hópur 3 og 4** - íþróttahús + bókasafn + viðurkenning

23. maí – Rýnifundur allra sem komu að verkefninu – EF VIÐ TELJUM AÐ ÞESS ÞURFI ;)

# Skóladaatal Reynisholts 2018-2019

Páttaka foreldra

Þemavinna

Hátíðir

Leikskóli lokaður

Almennur frídagur

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ				
1	M			1	M			1	F			1	Þ	Nýársdagur	1	F		1	M			1	M			
2	F			2	Þ			2	F			2	L		2	L		2	Þ	Dagur bókar	2	F		2	Þ	
3	F			3	M	Sólbíomavika	3	M	Foreldrakaffi	3	L		3	M		3	S		3	M			3	M		
4	L			4	Þ			4	F			4	F		4	M	Bolludagur	4	F			4	L			
5	S			5	M			5	M	Jólastund í Reynislundi	5	L		5	Þ		5	F	Sprengidagur	5	F		5	M		
6	M	Frídagur versl	6	F				6	L			6	Þ	Þrettándinn	6	M	Dagur leiksk	6	M	Öskudagur	6	L		6	F	
7	Þ			7	F	Dagur læsis	7	S				7	M		7	F		7	S			7	F	skólaslit grsk		
8	M			8	L			8	M	Foreldraviðtöl	8	F	Ommu og afa kaffi	8	L		8	Þ		8	M		8	L		
9	F			9	Þ			9	F	Foreldraviðtöl	9	F		9	S		9	S	Barnamenn- ingarhátíð	9	F		9	Þ	Hvíta- sunnudagur	
10	F			10	M			10	M	Foreldraviðtöl	10	L		10	M		10	M		10	F	Skipulagsd endurmat	10	M	Annar í hvítasunnu	
11	L			11	Þ			11	F	Foreldraviðtöl	11	S		11	Þ		11	F		11	L		11	Þ	Sumarlokun	
12	S			12	M			12	F	Foreldraviðtöl	12	M	Jóla-skemmtun	12	L		12	Þ		12	F		12	S		
13	M			13	F			13	L			13	Þ		13	S		13	M			13	F		13	L
14	Þ			14	F			14	S			14	M	Skipulagsd 1/2 vorstarf	14	F		14	F			14	S		14	F
15	M			15	L			15	M			15	Þ		15	F		15	M			15	M		15	L
16	F			16	S	Dagur isl. náttúru	16	Þ				16	F	Dag isl tungu Skipulagsd 1/2	16	S		16	M			16	Þ		16	S
17	F			17	M			17	M			17	L		17	M	Konudagur	17	S			17	M		17	M
18	L			18	Þ			18	F			18	S		18	Þ		18	M			18	F		18	F
19	S			19	M			19	F			19	M		19	L		19	Þ			19	F		19	F
20	M			20	F			20	L			20	Þ		20	M	Foreldrakaffi	20	M			20	L		20	F
21	Þ	Skólasetning grunnskóla	21	F	Skipulagsd vetrarstarf	21	S					21	M		21	F		21	S	Páskadagur	21	Þ		21	F	
22	M			22	L			22	M	Skipulagsd fræðsla	22	F		22	L		22	F	Skipulagsd Fræðsla	22	F		22	M	Annar í Páskum	
23	F			23	S			23	Þ			23	F	Þorláks-messa Aðfangadagur jóla	23	M		23	L			23	Þ		23	F
24	F			24	M	Jóga og snertivika	24	M				24	L		24	M		24	S			24	M		24	M
25	L			25	Þ	Foreldrafund.	25	F				25	S	Jóladagur	25	Þ	Böndadagur- þorri	25	M	Skipulagsd Foreldraviðtöl	25	F	Sumar- dagurinn fyrsti	25	L	
26	S			26	M			26	F			26	M	Annar í jólum	26	L		26	Þ			26	F		26	F
27	M			27	F			27	L			27	Þ		27	S		27	M			27	L		27	F
28	Þ			28	F			28	S			28	M		28	F		28	F			28	S		28	F
29	M			29	L			29	M			29	F		29	L		29	Þ			29	M		29	M
30	F			30	S			30	Þ	Atmælishátíð Reynisholts	30	F		30	S		30	M			30	L	Opið hús	30	Þ	
31	F			31	M			31	M	Gamlársdagur	31	F		31	F		31	S			31	F		31	F	

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagur nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólustjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu virka daga til tuttugu virka daga. Stefna SFS er að í hverju hverfi leitist skólustjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík. Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.





# **Starfsáætlun 2018 – 2019**

## **Leikskólinn Reynisholt**

### **Umsögn foreldraráðs**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Bæring Logason, formaður**

**Hrönn Skaptadóttir**

**Sigfríður Guðjónsdóttir**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólalald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

### Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**

Reykjavík 20. ágúst 2018

Foreldraráð leikskólans Reynisholts hefur lesið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir veturinn 2018 - 2019.

Foreldraráðið telur starfsáætlunina vera faglega unna og bera vott um metnað starfsmanna og stjórnenda. Í áætluninni er farið vel yfir innra og ytra mat á skólastarfinu, markmið leikskólans, áherslur í starfi, áherslur samkvæmt starfsáætlun skóla- og frístundasviðs, starfsþróunaráætlun, starfsmannahald, barnahópin, foreldrasamstarf, samstarf leik- og grunnskóla og skóladagatal. Eru lýsingarnar sem fram koma í starfsáætluninni í samræmi við upplifun aðila foreldraráðsins af starfinu.

Að mati fulltrúa foreldraráðs er starfsáætlun Reynisholts fyrir veturinn 2018 til 2019 í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008.

Fyrir hönd foreldraráðs;

---

Bæring Logason